




# Svífðu, lítla, létta blað

1. töl., 2. árg. janúar 2013



## Í kennslustofum

Hér til hliðar eru myndir úr 1. og 2. bekk í Síðuskóla og Oddeyrarskóla. Í Síðuskóla er pólsk stúlka sem við sjáum kenna bekkjarfélögum sínum heiti litanna á pólsku. Krakkarnir voru mjög áhugasamir, enda alltaf gaman að geta sagt eitthvað á framandi tungumálum.

Í Oddeyrarskóla kom faðir í heimsókn til 1. bekkinga og las ævintýri á þýsku. Krakkarnir skildu ekki þýsku en þeir skildu samt samhengið í ævintýrinu, með aðstoð mynda, tónfalls og leikrænnar tjáningar. Þegar sögunni lauk vissu allir að ei á þýsku er egg og hühn er hæna.

Í 1. bekk Oddeyrarskóla tala nemendur eistnesku, lettnesku, pólsku og þýsku, auk íslensku og það má sjá tölurnar frá 1 og upp í 20 á öllum þessum málum hangandi uppi.

Það er gaman að koma inn í bekk þar sem það er sýnilegt að nemendur hafa ekki allir sama móðurmál. Mér finnst það líka sýna vissa virðingu fyrir uppruna nemenda og menningu fjölskyldna þeirra. Það er hægt að hafa uppi mynd af fána, orð eða setningu á móðurmáli allra nemenda eða einhvern fróðleik um heimaland viðkomandi.

Það minnir okkur á fjölbreytileika nemendahópsins og að íslenskunám erlendra nemenda okkar tekur tíma og er ekki auðvelt verkefni.

